

FRÉTTABRÉF GRUNNSKÓLA HORNAFJARÐAR



LESFIMI

Á hverju ári er metin lesfimi nemenda við Grunnskóla Hornafjarðar. Lesfimi er metin þrisvar á ári, í september, í janúar og í maí. Lesfimi mælir eingöngu lestrarhraða barna en ekki lesskilning. Nýlega gaf barna- og menntamálaráðherra það út að niðurstöður úr lesfimi og úr matsferilsprófunum, sem skólanum ber skylda að leggja fyrir nemendur í 4. og 9.bekk verði birtar opinberlega.

Búið er að birta niðurstöður fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð inn á vef stjórnaráðsins. Niðurstöður Grunnskóla Hornafjarðar sýna að lesfimi barna í Grunnskóla Hornafjarðar er nokkuð góð, en um 79% nemenda ná skilgreindum viðmiðum. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá lækkun á hlutfalli nemenda sem ná lágmarksviðmiðum frá 2020-2024 en örlitla hækkun á síðasta skólaári 2024-2025. Nánar má lesa um lesfimina á vef stjórnarráðsins hér:

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/adgerdi-r-i-menntamalum/birting-a-namsframvindu-barna/>

September mælingar

Skólaár	1.viðmið	2.viðmið	3. viðmið	Nær lágmarksviðmiði (2+3)
2020-2021	15%	61%	24%	85%
2021-2022	19%	57%	24%	81%
2022-2023	18%	60%	22%	82%
2023-2024	26%	56%	18%	74%
2024-2025	21%	57%	22%	79%

Maí mælingar

Skólaár	1. viðmið	2. viðmið	3. viðmið	Nær lágmarksviðmiði (2+3)
2020-2021	16%	61%	24%	84%
2021-2022	19%	58%	23%	81%
2022-2023	23%	58%	19%	77%
2023-2024	27%	55%	18%	73%
2024-2025	22%	54%	24%	78%



RAFRÆN VÖKTUN

Nýlega voru settar upp eftirlitsmyndavélar á Hafnarskóla sem vakta svæðið í kringum skólann og ber okkur að upplýsa foreldra og nemendur um að skólinn sé vaktaður. Reynslan hefur sýnt okkur að rafræn vöktun í Heppuskóla hefur dregið úr skemmdarverkum og nýst vel við upplýsa hin ýmsu mál.



SKÓLAPÚLSINN 6.-10. BEKKUR JANÚAR ÚRTAK - SAMANTEKT

Í janúar tók annar hópur af þremur Skólapúlsinn í 6.-10. bekk. Á yfirþættinum virkni nemenda í skólanum erum við á öllum þáttum að bæta okkur örlítið miðað við fyrri könnun en erum þó töluvert undir landsmeðaltali á nokkrum þáttum ennþá eins og ánægju af náttúrufræði og þrautseigja í námi. Trú á eigin námsgetu mælist hins vegar örlítið yfir landsmeðaltali. Yfirþátturinn líðan og velferð kemur mjög vel út þar sem vellíðan mælist t.d. marktækt yfir landsmeðaltali og einelti og tíðni þess mælist marktækt undir landsmeðaltali. Sjálfsálit og stjórn á eigin lífi mælast einnig yfir meðaltali. Á yfirþættinum skóla- og bekkjarandi eru niðurstöður ekki jafn ánægjulegar þar sem bæði agi í tímum og virk þátttaka nemenda í tímum mælist marktækt undir meðaltali en samsömum við nemendahópinn er við landsmeðaltal. Hvað varðar opin svör þá nefna nemendur nú það sem gott er við skólann, fjölbreytt nám, smiðjur, val, kennararnir, félagsskapurinn, aðrir nemendur. Hvað varðar það sem þeim finnst að betur megi fara er ekkert ríkjandi, en nokkrir nefna að þeir vilji leggja niður símabannið.



APRÍL

2026

APRÍL

Matseðill

7.4

Kjúklingapottréttur, naan brauð og maísbaunir

8.4

Ofnbakaður fiskur, kartöflur og köldsósa, soðið grænmeti

9.4

Kjöt í karrý

10.4

Grjónagrautur og brauð með áleggi

13.4

Kjúklingapottréttur, naan brauð og maísbaunir

14.4

Lambapottréttur með kartöflumús

15.4

Ofnbakaður fiskur, kartöflur og köld sósa, soðið grænmeti

16.4

Kjöt í karrý

17.4

Grjónagrautur og brauð með áleggi

20.4

Bleikja, kartöflur, brætt smjör og köld sósa

21.4

Kjúklingaborgari, og franskar

22.4

Soðinn fiskur, kartöflur, smjör og rúgbrauð

23.4

SUMARDAGURINN FYRSTI

24.4

STARFSDAGUR

27.4

Fiskibuff, kartöflur og karrýsósa

28.4

Kjúklinganúðlur

29.4

Steiktur fiskur, kartöflur og brætt smjör

30.4

Hakkréttur og kartöflumús

Salatbar er í boði alla daga nema föstudaga